

Innkaupastefna Landsvirkjunar

1. Inngangur

Tilgangur innkaupastefnu Landsvirkjunar er að leggja grunn að ábyrgum og hagkvæmum innkaupum fyrirtækisins og stuðla um leið að jákvæðum áhrifum á virðiskeðju fyrirtækisins.

Innkaup okkar eru í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um fyrirtækið og fylgja almennri stefnumörkun fyrirtækisins.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefnan á við um móðurfélagið Landsvirkjun og nær til allra þeirra sem starfa fyrir Landsvirkjun, en þó ekki dótturfélaga.

Stefnan varðar öll mikilvægustu ferli fyrirtækisins og nær til allra sviða, starfssvæða og verkefna.

Ákvarðanataka í rekstri fyrirtækisins, óháð umfangi og mikilvægi, skal taka tillit til stefnunnar.

3. Hugtakaskilgreiningar

Birgi: Fyrirtæki eða einstaklingur sem sér Landsvirkjun fyrir vörum eða þjónustu.

Birgjamat: Mat sem felur í sér að skoða þætti eins og gæði vara eða þjónustu, áreiðanleika, fjárhagslegan stöðugleika, áhættustýringu, stjórnarhætti og frammistöðu í umhverfis- og samfélagsmálum.

Keðjuábyrgð: Ákvæði sem er ætlað að sporna við mögulegri misnotkun á vinnuafli s.br. 88 gr. laga um opinber innkaup 120/2016.

Stýrð innkaup: Rétt framkvæmd innkaup sem byggja ýmist á pöntun eða innkaupasamningi.

4. Innkaupastefna

Innkaup eru framkvæmd með ábyrgum hætti þar sem lögð er áhersla á samræmi, gagnsæi, rekjanleika, jafnræði og hagkvæmni.

Við gerum kröfur til birgja um gott viðskiptasiðferði, virðingu fyrir mannréttindum og ábyrgð í umhverfis- og samfélagsmálum. Þessar kröfur Landsvirkjunar eru útlistaðar í siðareglum birgja og er kröfunum framfylgt í samstarfi við birgja. Í innkaupasamningum skal vera ákvæði um keðjuábyrgð eða sambærileg ákvæði sem Landsvirkjun telur fullnægjandi.

5. Innleiðing, mælikvarðar og upplýsingagjöf


5.1. Innleiðing og eftirlit

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu innkaupastefnu fyrirtækisins. Hann tryggir að ábyrgðarsvið þeirra sem koma að innkaupum sé skýrt, skilvirkir ferlar séu til staðar og að eftirlit með innkaupum sé fullnægjandi.

5.2. Mælikvarðar

Mælikvarðar sem notaðir eru til að meta árangur innleiðingar:

- Hlutfall stýrðra innkaupa af heildarupphæð innkaupa sé a.m.k. 97%
- Fjöldi alvarlegra frávika frá verklagi við gerð innkaupasamninga sé 0



1

Innkaupastefna Landsvirkjunar

- Fjöldi endanlegra niðurstaðna um að Landsvirkjun hafi brotið gegn lögum sem varða framkvæmd innkaupa sé 0

5.3. Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf um árangur innleiðingar og eftirlits með innkaupastefnu og framkvæmd innkaupa á sér stað með aðgengi að mælaborðum og reglubundnum stöðufundum með stjórnendum þar sem farið er yfir markmið og mælikvarða. Einnig er birgjamat hluti af árlegri rýni stjórnenda á stjórnunarkerfinu.

6. Endurskoðun


Stjórn Landsvirkjunar rýnir og endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

7. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

13.12.2024

Stjórn Landsvirkjunar



Handwritten signatures of the board members of Landsvirkjun, including names like Guðrún, Gunnar, and others, in blue ink.